

Hagahverfi - deiliskipulag

Naustahverfi 3. áfangi

**GREINARGERÐ
SKIPULAGSÁKVÆÐI**
30. APRÍL 2014



Skipulagsdeild Akureyrar



Mótt.:
Mál nr.

23. maí 2014

2012/2021

**TEKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFÍ GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf
arkitektar fai

EFNISYFIRLIT

1	Markmið og forsendur	4
1.1	Yfirlit	4
1.1.1	Viðfangsefni	4
1.1.2	Skipulagssaga	4
1.1.3	Skipulagsmörk	4
1.1.4	Skipulagsgögn	5
1.2	Helstu áherslur	6
1.2.1	Meginmarkmið	6
1.2.2	Þéttleiki	6
1.2.3	Yfirbragð og eiginleikar	6
1.2.4	Íbúðir	6
1.2.5	Samgöngur	6
1.2.6	Umhverfismál	6
1.3	Helstu forsendur	7
1.3.1	Tengsl við aðrar áætlanir	7
1.3.2	Íbúðaþörf og þéttleiki byggðar	7
1.3.3	Staðhættir	7
1.3.4	Fornleifar	8
1.3.5	Húsakönnun	8
2	Almenn atriði	10
2.1	Byggðamynstur	10
2.2	Landnotkun	11
2.2.1	Reitir 1-18, íbúðarlöðir	11
2.2.2	Reitur 19, lóð fyrir verslun og þjónustu	12
2.2.3	Reitur 20, lóð fyrir leikskóla	12
2.2.4	Reitir 21 og 22, Naust	12
2.2.5	Reitir 23 – 25	12
2.2.6	Atvinnustarfsemi á íbúðarlöðum	12
2.2.7	Lóðir fyrir veitumannvirki	12
2.3	Samgöngukerfi	13
2.3.1	Gatnakerfi	13
2.3.2	Gangstéttir og stígar	14
2.3.3	Bílastæði	14
2.3.4	Almenningssamgöngur	14
2.3.5	Gatnaheiti	14
2.4	Torg	14
2.5	Opin svæði	15
2.5.1	Leik- og útvistarsvæði	15
2.5.2	Meðferð ofanvatns	16
2.6	Veitur	17
3	Skipulagsákvæði	18
3.1	Almennar gæðakröfur	18
3.2	Almenn ákvæði	19
3.2.1	Nýtingarhlutfall, nýting lóða	19
3.2.2	Byggingarreitir	20
3.2.3	Íbúðastærðir	20
3.2.4	Skilmálatákn á skipulagsuppdrætti	20
3.2.5	Frágangur lóða	21
3.2.6	Hljóðovist og hávaðavarnir	21
3.2.7	Mæliblöð	22
3.2.8	Aðalupprættir	22
3.2.9	Vinnu- og sérteikningar	22
3.3	Fjölbýlishús	23
3.3.1	Almennir skilmálar	23
3.3.2	F IV og V, fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu	24

3.3.3	F VII, fjölbýlishús, punkthús við torg,.....	25
3.3.4	F III, fjölbýlishús með lyftu,.....	25
3.3.5	F II-III, tveggja til þriggja hæða fjölbýlishús.....	25
3.3.6	F/R II, tveggja hæða fjölbýlishús, séríbúðir eða raðhús	25
3.3.7	Atvinnustarfsemi á jarðhæð fjölbýlishúsa	26
3.3.8	Bílastæði og bílageymslur.....	27
3.4	Raðhús.....	28
3.5	Einbýlishús	29
3.6	Skýringarmyndir, einbýlishús og raðhús.....	31
3.6.1	Skýringarmyndir einbýlis- og raðhúsa með þakgerð a, einhalla þaki	31
3.6.2	Skýringarmyndir einbýlis- og raðhúsa með þakgerð b, tvíhalla þaki	32
3.7	Leikskóli á reit 20	33
3.8	Verslunarhús á reit 19.....	33
3.9	Spennistöðvar.....	33
3.10	Núverandi byggð, reitir 21 og 22	33
3.10.1	Núverandi hús	33
3.10.2	Hús, sem heimilt er að fjarlægja	33
3.11	Umferðarsvæði og bílastæði.....	34
3.12	Opin svæði	34
3.12.1	Leik- og útvistarsvæði	34
3.12.2	Fráveita og ofanvatnskerfi	34
4	Umhverfisskýrsla.....	35
5	Kynning og samráð	37
5.1	Skipulagsferli	37
5.1.1	Lýsing	37
5.1.2	Kynningarfundir	37
5.1.3	Auglýsing	37
5.1.4	Afgreiðsla	37
6	Samþykkt og gildistaka	38
7	Uppdrættir	40
8	Viðauki.....	44
8.1	Gatnanöfn	44

ATH: Þar sem vísað er í ákvæði byggingarreglugerðar í greinargerð þessari er vísað í reglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.

1 MARKMIÐ OG FORSENDUR

1.1 YFIRLIT

1.1.1 VIÐFANGSEFNI

Nýjasta íbúðarhverfi Akureyrar byggist nú upp í landi Nausta. Byggð hefur verið á Naustum frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og er bæjarins getið bæði í Ljósvetningasögu og Fóstbræðrasögu. Naustahverfi er syðst í bæjarlandinu og mun fullbyggt ná inn að Kjarnaskógi. Fyrstu tveir áfangar hverfisins hafa nú risið með blandaðri byggð fjölbýlis-, rað- og einbýlishúsa, grunnskóla og leikskóla.

Á næstu misserum verður þörf fyrir nýjar byggingarlóðir fyrir íbúðarbyggð á Akureyri og er áætlað að mestur hluti þeirra verði í Naustahverfi. Priðji áfangi hverfisins, Hagar, er sunnan Naustabæjanna og Naustagils og er aðskilinn frá fyrri áföngum með stofnanasvæði og opnu svæði, sem gert er ráð fyrir að nái upp frá gilinu til fjalls þvert í gegnum byggðina.

1.1.2 SKIPULAGSSAGA

Rammaskipulag Naustahverfis var unnið af Kanon arkitektum fyrir Skipulagsdeild Akureyrar árið 2000 í framhaldi af samkeppni, sem haldin var um heildarskipulag hverfisins. Deiliskipulag fyrstu áfanga hverfisins var einnig unnið af Kanon arkitektum og hefur uppbygging hverfisins að mestu fylgt markmiðum rammaskipulagsins um gatnanet og blöndun húsgerða þó hugmyndir um verslunar- og þjónusturými við bæjargötuna, sem settar voru fram í rammaskipulaginu, hafi ekki gengið eftir.

Í bókun umhverfisráðs þann 13. september 2006 var skipulagsstjóra falið að ganga til samninga við Teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. um deiliskipulagningu 3. áfanga Naustahverfis, reiti 11, 13 og 16 skv. rammaskipulagi. Frumdrög að deiliskipulagi hverfissins voru kynnt fyrir skipulagsnefnd 15.10.2008. Í kjölfar efnahagshruns var verkefnið lagt á ís.¹ Í bókun skipulagsnefndar 28. mars 2012 fól nefndin formanni skipulagsnefndar og skipulagsstjóra að setja vinnu við deiliskipulagið af stað að nýju.²

1.1.3 SKIPULAGSMÖRK

Skipulagið tekur til reita 11, 13 og 16 í rammaskipulagi frá 2000. Innan skipulagsmarka er um 25,5 hektarar (ha.) lands. Til austurs afmarkast skipulagssvæðið af austurjaðri Naustabrautar (skv. rammaskipulagi), til suðurs af syðri brún Wilhelmínugötu, til vesturs af vestari brún Kjarnagötu (aðalgötu) og til norðurs af miðlinu Naustagötu. Einu byggingarnar innan skipulagssvæðisins eru bæjarhúsin í landi Nausta I og II auk geymslubragga nokkuð sunnar.

Til að tryggja að markmið rammaskipulags um samhengi í stígakerfi og heildarásýnd gangi eftir verða opið svæði og lóð leikskóla norðan við íbúðarbyggðina svo og aðkomugötur áfangans hluti skipulagsins.

Í reikningum og þéttleikatölum er miðað við heildarstærð byggðareita milli miðlina þeirra aðal-gatna, sem afmarka svæðið. Heildarflatarmál svæðisins þannig reiknað er 24,63 ha. Þar af eru byggðareitir íbúðarhverfisins 18,89 ha. og reitir upp af Naustagili 5,74 ha.

Gerð verður deiliskipulagsbreyting á reit 28 samhliða deiliskipulagi þessu þar sem skipulagsmörk verða samræmd og brú á Naustabraut feld út (sjá kafla 1.3.1).

¹ Fundargerð skipulagsnefndar 15.10.2008, 3. liður.


² Fundargerð skipulagsnefndar 28.3.2012, 3. liður.

1.1.4 SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð þessari og á skipulagsupprætti dags. 12.2.2014. Skýringarupprættur er dagsettur 12.2.2014. Skipulagsákvæði eru sett fram í 3. kafla greinargerðar, á skýringarmyndum í greinargerð og á skipulagsupprætti.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis á loftmynd frá 2012, 25 ha.



Mynd 2. Hluti af rammaskipulagi. Skipulagssvæðið tekur til reita 11, 13 og 16 auk opna svæðisins norðan reits 11.

1.2 HELSTU ÁHERSLUR

Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar lagði áherslu á eftirtalin atriði við þróun og gerð deiliskipulagsins:

1.2.1 MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið Akureyrarbæjar er að móta fallega og áhugaverða íbúðarbyggð, sem svarar annars vegar væntingum almennings um vandað og öruggt bæjarumhverfi og hins vegar þörf bæjarsfélagsins fyrir fjölbreytt úrval byggingarlóða í hagkvæmu bæjarskipulagi.

1.2.2 ÞÉTTLEIKI

Áhersla verður lögð á þetta blandaða byggð ólíkra húsagerða og íbúðastærða.

Þéttleiki byggðar skal vera a.m.k. 25 íbúðir á hvern hektara (fb/ha). Við gerð skipulagsins skal kanna möguleika á þéttari byggð, allt að 35 íb/ha, og mismunandi þéttleiki borinn saman m.t.t. umhverfismála, bæjarmyndar, hagkvæmni, gæða bæjarumhverfisins og fleiri þátta.

1.2.3 YFIRBRAGÐ OG EIGINLEIKAR

Stefnt er að því að bæjarmynd byggist á hefðbundnum bæjarrýmum, götum, torgum og görðum þar sem sneitt verður hjá stórum bílastæðalóðum. Jafnframt verði leitast við að skipulag hverfisins verði skýrt og augljóst þannig að auðratað verði um það akandi, gangandi og hjólandi. Lögð verður áhersla á fjölbreytt bæjarrými sem mótað af ólíkum húsagerðum.

Gert verði ráð fyrir möguleikum á atvinnustarfsemi á jarðhæð nokkurra húsa við Kjarnagötu. Með því gæti atvinnu- og þjónustuframboð innan hverfisins þróast smátt og smátt óháð sérhæfðum byggingum til þeirra nota.

Skilmálar um form, útlit, liti o.p.h. skulu rökstuddir með vísun í markmið um yfirbragð og eiginleika byggðarinnar.

1.2.4 ÍBÚÐIR

Gert verði ráð fyrir mismunandi íbúðastærðum í öllum húsagerðum til þess að draga úr einsleitni og flokkun.

Bæði verði gert ráð fyrir litlum fjölbýlishúsum (án lyftu) og hærri fjölbýlishúsum með lyftu og bílageymslu. Í hverfinu verði mætt þörf næstu ára fyrir íbúðir fyrir roskið fólk og aldraða án skilyrða um sérmerkingu eða flokkun.

Við gerð skilmála um gerð og hönnun íbúða í fjölbýlishúsum verði metið hvort setja þurfi sérstök ákvæði til þess að tryggja almenn gæði þeirra, t.d. um að allar íbúðir hafi glugga á gagnstæðum hliðum. Einnig verði metin þörf á sérstökum ákvæðum um svalaganga og stigahús/útitröppur.

1.2.5 SAMGÖNGUR

Við gerð deiliskipulagsins verður tekið mið af meginjónarmiðum rammaskipulags Naustahverfis. Gatnakerfi innan hverfisins verði óflokkað gatnanet með einni aðalgötu (Kjarnagötu) og húsagötum.

Taka skal tillit til almenningssamgangna við skipulag hverfisins. Lögð skal áhersla á hagkvæmt og augljóst net göngu- og hjólaleiða.

1.2.6 UMHVERFISMÁL

Gætt verði hagkvæmni í nýtingu landsins sbr. 1.2.2.

Leitað verði „grænna lausna“ þar sem það á við gagnvart skipulagi og framkvæmdum. T.d. verði hugað sérstaklega að fráveitukerfi og meðferð ofanvatns til þess að draga úr á lagi á veitukerfi og viðhalda náttúrulegu ástandi þar sem það á við.

1.3 HELSTU FORSENDUR

1.3.1 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

ÁÆTLUN	SAMP./-STAÐA	SAMRÆMI
Aðalskipulag <ul style="list-style-type: none">• Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.	Staðfest 15.12.2006.	Breytt lega Naustabrautar. Verslunarþóð á hluta svæðis fyrir þjónustustofnanir. Gerð verður breyting á aðalskipulagi til samræmis við deiliskipulag.
Deiliskipulag <ul style="list-style-type: none">• Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu.• Deiliskipulag reits 28	2.10.2007	Samræming á skipulagsmörkum.
Aðrar áætlanir <ul style="list-style-type: none">• Rammaskipulag.• Hættumat vegna ofanflóða.• Náttúruverndarlög.• Flugverndarsvæði Akureyrarflugvallar, skipulagsreglur.• Þjóðminjalög.• Staðardagskrá 21.• Byggingarlistastefna Akureyrar.	Samþykkt í apríl 2000. Liggur ekki fyrir. Nr. 44/1999. 24. mars 2011. Nr. 107/2001. Samþykkt 18.05.2010. Samþykkt 12.06.2001.	Í samræmi við rammaskipulag. Skipulagssvæði ekki á hættusvæði. Hvorki náttúruverndarsvæði né jarðmyndanir/vistkerfi sem tilgreind eru í 37. gr náttúruverndarlaga eru á svæðinu. Takmörkun á hæð bygginga miðað við hindranaflöt. Sjá fornleifaskrá. Engin ákvæði eiga beint við. Áhrif á útfærslu og skilmála.

Eitt deiliskipulagssvæði liggar að skipulagssvæði Hagahverfis, þ.e. Krókeyrarnöf, deiliskipulag reits 28 og Naustagötu. Breyta þarf deiliskipulaginu samhliða skipulagi þessu þar sem skipulagsmörk verða færð í miðlinu Naustagötu og legu Naustabrautar breytt. Í stað brúar, sem áformuð var yfir Naustagil verður Naustabraut sveigð vestur fyrir minjasvæði og lögð á fyllingu yfir gilið.

1.3.2 ÍBÚÐAPÖRF OG PÉTTLEIKI BYGGÐAR

Í þeim hluta Naustahverfis, sem þegar hefur verið byggður eru um 75% íbúða þriggja og fjögurra herbergja. Minni íbúðir eru um 13% og stærri um 12%. Um helmingur íbúða í fjölbýlishúsum eru þriggja herbergja, rúmur helmingur raðhúsaíbúða eru fjögurra herbergja og um 2/3 hlutar einbýlishúsa eru 5 herbergja og stærri.

Íbúðastærðir raðast nokkuð ákvæðið á tilteknar húsagerðir. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að gert verði ráð fyrir mismunandi íbúðastærðum í öllum húsagerðum til þess að draga úr þeiri einsleitni og flokkun sem falist getur í slíkri aðgreiningu íbúðagerða eftir húsagerð.

Eftirspurn er eftir litlum íbúðum fyrir barnlausar fjölskyldur (ungar og gamlar) og einstaklinga en einnig hefur reynst skortur á stórum íbúðum í fjölbýlishúsum.

Í deiliskipulaginu verður gerð tilraun með litlar einbýlishúsalóðir fyrir lítil hús en einnig sett ákvæði um ákvæðið hlutfall stórra fjölskylduíbúða í fjölbýlishúsum. Í skipulaginu þarf einnig að vera gefinn kostur á gerð smáíbúða. Gert verður ráð fyrir ákvæðnu svigrúmi í útfærslu á fjölbýlishúsareitum, t.d. ættu að verða möguleikar á íbúðum með sérbýliseiginleika og raðhúsaútfærslum á lóðum, sem annars eru mótaðar utan um hefðbundin tveggja hæða fjölbýlishús.

1.3.3 STAÐHÆTTIR

LANDSLAG

Skipulagssvæðið er á aflíðandi, grónu landbúnaðarlandi sem reitað er af skurðum og girðingum í tún og beitarhólf. Land stendur í 88 m.y.s. í vestri og hallar niður til austurs í um 65 m.y.s. Landið er einkennalítið og engar sérstakar landslagsmyndanir eða kennileiti eru á svæðinu utan Naustagils.

Naustalækur, sem rennur til sjávar við Krókeyri, hefur grafið Naustagil inn í brekkubrúnina. Gilið er fullgróið og bratt þar sem það sker brekkubrúnina neðan skipulagssvæðisins. Gildragið nær upp eftir skipulagssvæðinu til vesturs.

JARÐVEGSDÝPT

Gerðar hafa verið jarðvegsdýptarmælingar á svæðinu. Á meginhluta þess er jarðvegsdýpt á bilinu 2-3m. Á nokkrum stöðum er grynnra á fast og á tveim mælipunktum mældust 4 og 4,5 m jarðvegsdýpt. Jarðvegsdýpt hafði ekki áhrif á skipulagsgerðina.³

1.3.4 FORNLEIFAR

Á árunum 1995-1996 unnu Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu á minjum í fyrirhuguðu Naustahverfi⁴. Auk þess fóru fram rannsóknir á fornleifum í vegstæði Naustagötu árin 2008 og 2009.



Mynd 3. Minjastaðir innan skipulagssvæðis.

Sex minjastaðir eru innan skipulagssvæðisins. Allir eru þeir í norðaustur horni svæðisins í nágrenni við bæjarhúsin á Naustum. Í aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 var svæðið í kringum Naust talið upp sem einn af þeim stöðum innan aðalskipulags sem taldir eru hafa hvað mest minjagildi skv. tillögu minjavárðar Norðurlands eystra frá 13. desember 2005. Minjagildið er metið út frá rannsóknargildi og/eða gildi þeirra sem markverðra staða til skoðunar fyrir almenning.⁵

1.3.5 HÚSAKÖNNUN


Í deiliskipulagi þessu verða einungis sett skipulagsákvæði um Naust I og Naust II til samræmis við núverandi stöðu. Hluti lands Nausta II er skilgreindur sem svæði fyrir þjónustustofnanir í aðalskipulagi. Engin áform eru á þessu stigi um þá landnotkun. Naustabærinn munu standa áfram óbreyttir og verða ekki teknar ákvarðanir um breytta stöðu þeirra í skipulagi nema með formlegri

³ Upplýsingar frá framkvæmdadeild Akureyrar.

⁴ Birna Gunnarsdóttir. *Fornleifaskáning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*. Minjasafnið á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands FS004-95021. Akureyri 1995. og Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI. Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna*. Minjasafnið á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands FS018-95023. Akureyri 1996.

⁵ Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, greinargerð, bls. 81.

breytingu á skipulagi þessu. Ekki var unnin sérstök húsakönnun fyrir Naustabæina við gerð skipulagsins.




Mynd 4. Naust II.

2 ALMENN ATRIÐI

2.1 BYGGÐAMYNSTUR

Í samræmi við meginþrætti rammaskipulags Naustahverfis er stefnt að tiltölulega þéttir byggð í Hagahverfi. Gert er ráð fyrir 540 íbúðum í hverfinu og verður þéttleiki byggðar því um 28,6 íbúð/ha (miðað við brúttóflatarmál íbúðarreita 1-17). 438 íbúðir verða í fjölbýlishúsum og 102 í sérþýlishúsum. Ákveðinn sveigjanleiki verður bæði á lóðum fyrir tveggja hæða fjölbýlishús sem gefur kost á sérþýlisbúðum s.s. raðhúsum á tveim hæðum og um fjölda og stærð íbúða á öðrum fjölbýlishúsareitum. Þéttleiki fjölbýlishúsasreita 1-6 er um 49 íbúð/ha en reita 7-18 um 17 íbúð/ha (að mestu sérþýlishús en með nokkrum tveggja hæða fjölbýlishúsum).



Mynd 5. Byggðareitir, svæðaskipting. Númer og flatarmál miðað við miðlinur aðliggjandi gatna.

Þéttust verður byggðin á byggðareitum 1-6 meðfram Kjarnagötu. Á reit 2 norðan gatnamóta Kjarnagötu og Geirþrúðarhaga verður torg þar sem sérstaklega verður gert ráð fyrir möguleika á atvinnustarfsemi á jarðhæð húsanna. Við torgið verður kennileiti hverfisins og hæsta hús þess, sjö hæða íbúðarhús (punkthús). Nyrst á reit 1 er gert ráð fyrir fimm hæða byggingu. Að öðru leyti verða húsin tveggja til fjögurra hæða, hæst nyrst en lægri syðst.

Húsin á byggðareitunum meðfram Kjarnagötu (reitir 1-5) snúa öll framhlið og aðalinngangi að götu og mynda húsagarð á miðjum reitnum. Miðað er við að bílastæðaþörf við tveggja og þriggja hæða fjölbýlishús verði leyst með bílastæðum í húsagötum en að hluta í bílageymslum við fjögurra hæða hús og hærri. Bílageymslur verða að hluta undir byggingum en að mestum hluta undir garðrými. Meginregla er að engin bílastæði verði ofanjarðar í garðrýmum byggðareita.

Kjarnagata er aðalgata sem liggur eftir miðju hverfisins frá norðri til suðurs. Gatan þjónar hlutverki safngötu en er einnig húsagata. Miðað er við að hámarkshraði á götunni verði 30 km/klst eins og á öðrum húsagötum. Yfirbragði Kjarnagötu er breytt frá fyrri áföngum hverfisins og fær hún skýr

einkenni aðalgötu. Gert er ráð fyrir aðskildum akstursstefnum með 6 m miðeyju með trjáröð. Bílastæði verða samsíða götunni. Miðeyjan gegnir tvíþættu hlutverki – annars végar að móta einkenni götunnar og útlit sem aðalgötu og hins végar að vera hluti lausnar á fráveitukerfi fyrir ofanvatn sbr. kafla 2.5.2. Atvinnustarfsemi verður heimil á jarðhæðum þeirra húsa á reitum 1 – 5 sem snúa að Kjarnagötu (sjá ákvæði í kafla 2.2.6).

Við gerð skipulagsins voru könnuð áhrif mismunandi þéttleika á skipulagsgerð og bæjarmynd. Hlutfall fjölbýlishúsa hefur afgerandi áhrif á þéttleika byggðarinnar. Þéttleiki byggðar 30-35 fb/ha⁶ felur í sér mun herra hlutfall fjölbýlishúsa en þörf er fyrir miðað við fyrirsjáanlega eftirspurn. Slíkur þéttleiki kallar enn fremur á að bílastæði verði að stórum hluta leyst með bílageymslum undir görðum eða húsum. Eftir samanburð nokkurra kosta var leitast við að ná þéttleika allt að 30 fb/ha. Að höfðu samráði við hagsmunaaðila í byggingariðnaði var fallið frá áformum um að gera kröfum bílageymslur við þriggja hæða fjölbýlishús sem hafði þau áhrif að þéttleiki bílastæða varð nokkuð meiri en ella í þvergötum niður frá Kjarnagötu.

Áhrif sérþýlishúsa á þéttleika hverfisins eru einnig afgerandi. Miðað við skipulagstillöguna eru sérþýlishús (einbýlishús og raðhús) 19% af íbúðarfjöldanum en nýta um 48% af flatarmáli íbúðarbyggðarinnar. Breyting á lóðastærðum einbýlishúsa hefur minni háttar áhrif á þéttleika byggðarinnar en fjölgun raðhúsa, sérstaklega tveggja hæða raðhúsa, á kostnað einbýlishúsa hefði hins végar talsverð áhrif til þéttingar.

BÆJARMYND

Bæjarmynd hverfisins ræðst af gatnakerfi og afstöðu húsa til göturýma. Meginreglan er s.k. randbyggð í samfelldu gatnaneti þar sem allar byggingar snúa framhlíð og aðkomu að götu. Bílastæði verða fyrst og fremst í göturými og í bílageymslum þannig að engin bílastæðasvæði eða bílastæðalóðir verða í íbúðarbyggðinni. Hagahverfið mun þannig fá bæjarmynd hefðbundins þéttbýlis. Þvergötur við Kjarnagötu fá að vísu yfirbragð sem mótað af bílastæðum en á móti kemur hagræði af því að engar akbrautir verða innan lóða að bílastæðum og engin bílastæðasvæði verða utan gatnakerfis (nema í bílageymslum).

Tvö leiksvæði verða innan íbúðarbyggðarinnar auk húsagarða á fjölbýlishúsareitum. Þau verða annars végar útvistar- og leiksvæði og hins végar hluti af fráveitukerfi fyrir ofanvatn á sama hátt og miðeyja Kjarnagötu sbr. kafla 2.5.2.

2.2 LANDNOTKUN

Meginhluti skipulagssvæðisins verður íbúðarbyggð. Nyrst á svæðinu meðfram Naustagötu verður ein lóð fyrir verslun og þjónustu og ein lóð fyrir leikskóla. Enn fremur verður gert ráð fyrir möguleika á atvinnurekstri á jarðhæð húsa meðfram Kjarnagötu (sjá ákvæði í kafla 2.2.6).

2.2.1 REITIR 1-18, ÍBÚÐARLÓÐIR

Gert er ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð með fjölbreyttum húsagerðum. Á byggðareitum meðfram Kjarnagötu (reitir 1-6) er gert ráð fyrir þéttri byggð fjölbýlishúsa. Í öðrum húsagötum er lóðum fyrir einbýlishús, raðhús og fjölbýlishús blandað með ákveðnu fyrirkomulagi. Röð einbýlishúsa á stórum lóðum er austast á skipulagssvæðinu og inni í hverfinu eru þrjú svæði með litlum lóðum fyrir lítil einbýlishús.

HÚSAGARDAR FJÖLBÝLISHÚSA

Á reitum 1-5 mynda fjölbýlishús húsagarða með sameiginlegu útvistar- og leiksvæði. Lóðaskipting miðast við að allt land reitanna skiptist á milli fjölbýlishúsalóðanna og tekur lega lóðamarka mið af því. Kvöð verður á hluta allra lóðanna um gagnkvæman umgengnisrétt og samráð um útfærslu, frágang og rekstur leik- og útvistarsvæðis í miðjum garðinum. Nánari skilmálar verða hluti lóðasamnings.

⁶ Hér er unnið með eininguna „fjöldi íbúða á hvern hektara lands“, fb/ha. Hektari er 10.000 m², 100x100 m. Flatarmál reita miðast við miðlinur aðliggjandi gatna.

OFANVATN

Bent er á þann kost að veita vatni af húsbökum og hörðu yfirborði við íbúðarhús beint niður í jarðveginn á sama hátt og áformað er á opnum svæðum og eyjum í gatnakerfinu (sbr. kafla 2.5.2). Koma má fyrir malarþúða undir yfirborði lóðar sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytli smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarfyllingunni. Gera skal grein fyrir tilhögun fráveitu ofanvatns á sérteikningu.

2.2.2 REITUR 19, LÓÐ FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Lóð fyrir verslun og þjónustu er sunnan hringtorgs á mótmum Kjarnagötu og Naustagötu. Aðkoma bíla er frá hringtorginu. Megingönguleið Kjarnagötu liggur meðfram lóðinni en hún liggur einnig vel við öðrum gönguleiðum úr byggðinni.

2.2.3 REITUR 20, LÓÐ FYRIR LEIKSKÓLA

Sunnan Naustagötu og austan lóðar fyrir verslun og þjónustu er lóð fyrir þjónustustofnun, leikskóla. Aðkoma bílaumferðar er frá Naustagötu en gönguleiðir tengja lóðina við byggðina suður af. Lóðin tengist stígakerfi Hagahverfis til suðurs.

2.2.4 REITIR 21 OG 22, NAUST

Í deiliskipulagi þessu miðast skipulagsákvæði um Naust I og Naust II við núverandi stöðu. Lóðir á Naustum eru afmarkaðar samkvæmt mæliblöðum og byggingarreitir dregnir utan um núverandi byggingar. Nýtingarhlutfall miðast við núverandi byggingarmagn. Skerða þarf lóðir Naustabæjanna á austurjaðri vegna lagningar Naustabrautar og lítilsháttar skerðing á norðvesturhorni lands Nausta II er nauðsynleg vegna aðkomuleiðar að leikskólolóð. Hluti lands Nausta II er skilgreint sem stofnanasvæði í aðalskipulagi en engin áform eru á þessu stigi um slíka landnýtingu. Naustabæirnir munu standa áfram óbreyttir og verða ekki teknar ákvarðanir um breyta stöðu þeirra í skipulagi nema með formlegri breytingu á skipulagi þessu.

2.2.5 REITIR 23 – 25

Reitir 23 – 25 eru opin svæði upp af Naustagili. Sjá kafla 2.5.

2.2.6 ATVINNUSTARFSEMI Á ÍBÚÐARLÓÐUM

EKKI er talið raunhæft að gera ráð fyrir sérstökum lóðum fyrir verslun og þjónustu meðfram Kjarnagötu, sem hugsanlega yrðu óbyggðar lengi og e.t.v breytt síðar í íbúðarlóðir. Í stað þess er gefinn kostur á blöndun íbúðarbyggðar og þjónustustarfsemi á 1. hæð þeirra fjölbýlishúsa sem snúa að Kjarnagötu (reitir 1-5). Með því er skilgreindur þróunarkostur sem gefur ákveðna möguleika á atvinnurekstri og þjónustustarfsemi í hverfinu en tryggir jafnframt að hverfið geti byggst upp á eðlilegan hátt þótt ekki reynist þörf fyrir húsnæði fyrir slíka starfsemi í upphafi. Heimilt verður að breyta íbúðum á jarðhæð þessara húsa í húsnæði fyrir atvinnustarfsemi síðar, þegar og ef þörf verður fyrir slíkt, án þess að breyta þurfi deiliskipulagi.

Sérstök ákvæði eru sett um verslunar- og þjónusturými á jarðhæð lóða á reit 2 við Kjarnagötu. Þar er gerð krafa um aukna loftihæð á jarðhæð húsa og að skipulag íbúða á jarðhæð taki mið af þeim möguleika að þar verði unnt að koma fyrir atvinnustarfsemi s.s. verslun, skrifstofum og þjónustu síðar. Sjá ákvæði í kafla 3.3.7.

Við torgið á reit 2 við Kjarnagötu er gert ráð fyrir einnar hæðar byggingu fyrir verslun og þjónustu. Byggingin er tengibygging milli íbúðarhúsa við torgið. Ekki verður krafa um byggingu hússins samtímis íbúðarhúsunum og verður heimilt að geyma byggingarréttinn þangað til forsendor verða fyrir rekstri á svæðinu. Einnig má nýta bygginguna til íbúðar á sama hátt og aðrar eignir á jarðhæð þessara húsa.

2.2.7 LÓÐIR FYRIR VEITUMANNVIRKI

Skilgreindir eru byggingarreitir fyrir spennistöðvar innan svæðisins.

- Dreifistöð raforku er á sérstakri lóð á jaðri opins svæðis við Nonnahaga.
- Dreifistöð raforku verður til bráðabirgða á byggingarreit í syðri bílastæðaröð Geirþrúðarhaga á reit 3. Spennistöð fyrir vestasta hluta Hagahverfis og næsta áfanga hverfisins vestan Kjarnagötu verður þegar fram líða stundir vestan Kjarnagötu. Ekki eru skipulagsforsendur til þess að staðsetja spennistöð þar á þessu stigi. Spennistöðin við Geirþrúðarhaga verður aflögð og fjarlægð þegar sá hluti hverfisins verður byggður. Lóðarréttindi verða tímabundin.

2.3 SAMGÖNGUKERFI

2.3.1 GATNAKERFI

Aðkoma að skipulagssvæðinu er að austanverðu um Naustabraut (tengibraut) sem liggur á austurjaðri skipulagssvæðisins. Kjarnagata (safngata, húsagata) er aðalgata hverfisins og liggur eftir því endilöngu frá Dalsbraut í norðri til suðurs að Kjarnaskógi. Hlutverk götunnar er undirstrikað með útfærslu hennar. Gert er ráð fyrir að aksturstefnur verði aðgreindar með breiðri miðeyju með trjáröð. Bílastæði verða afmörkuð samsíða akbrautum meðfram gangstéttum. Þau hús, sem standa við götuna snúa framhlið og aðalinnangangi að götunni. Naustagata (safngata) tengir þessar aðalgötur saman norðan skipulagssvæðisins en Wilhelmínugata (safngata) mun tengja þær saman syðst á skipulagssvæðinu. Ekið verður inn í húsagötur frá Kjarnagötu að vestanverðu og Wilhelmínugötu að sunnanverðu. Nyrsta húsagata Hagahverfis, Davíðshagi, tengist einnig Naustabraut. Húsagötur munu mynda samfellt gatnanet og gönguleiðir verða fyrst og fremst meðfram akbrautum.

Umferðahraði á Naustabraut, Naustagötu og Wilhelmínugötu verður 50 km/klst en 30 km/klst á Kjarnagötu og öðrum húsagötum. Svokölluð 30 km hlið verða við innakstur á svæði með 30 km hámarkshraða. Þrjár hraðahindrana verða á Davíðshaga til þess að draga úr hættu á gegnumakstri.

Í deiliskipulaginu felst ákveðið svigrúm fyrir endanlega verkhönnun gatnakerfisins s.s. um efnisval og útfærslu gatnamóta, hraðahindrana, gangbrauta og torga.



Mynd 6. Einfalt líkan. Bæjarmynd Naustagötu og gatnanet.

HÚSAGÖTUR

Ellefu húsagötur mynda samfellt gatnanet. Á nokkrum stöðum eru gatnamót húsagatna formuð sem torg með aðskildum akbrautum og eyju. Slík húsatorg verða frávik frá hefðbundnu gatnaumhverfi

og ákveðin kennileiti. Gatnamót verða merkt á yfirborði t.d. með hellulögnum og helluröndum og köntum. Húsatorgin og útfærsla gatnamóta gefa gatnakerfinu yfirbragð, sem hentar 30 km hverfi og þjónar þeim tilgangi að dempa umferðarhraða.

Davíðshagi er eina húsgagatan sem tengist Naustabraut. Útfærsla hennar miðar að því að koma í veg fyrir gegnumakstur um hana að efri hluta hverfisins. Tengingin auðveldar hins vegar umferð að norðausturhluta Hagahverfis, styttr leiðir og auðveldar rötun. Beygjur og hraðahindranir á gatnamótum eiga að veita viðnám gegn þeirri umferð sem ætlað er að fara um Naustagötu og Wilhelmínugötu að og frá hverfinu.

Rúmlega 20 m hæðarmunur er á svæðinu frá austri til vesturs. Gatnakerfið verður hannað miðað við að langhalli í húsgagotum verði ekki meiri en 6%.

2.3.2 GANGSTÉTTIR OG STÍGAR

Gangstéttir eru meðfram öllum húsgagotum og eru 2,25 m á breidd. Gangstéttir meðfram Kjarnagötu og fram hjá 90° bílastæðum eru 3 m breiðar. Gönguleið meðfram Naustabraut verður 3 m breið og er aðgreind frá akbrautinni með opnu svæði.

Gangbrautir verða sams konar og annars staðar í gatnakerfi bæjarins. Á nokkrum stöðum eru sérstakar hraðadempandi aðgerðir s.s. upphækkuð gatnamót eða gangbrautir. Endanleg útfærsla verður ákveðin við verkhönnun.

Göngustígur liggar í opnu landi niður Naustagil og mun þar fara um undirgöng undir Naustabraut og áfram niður eftir. Einnig verður stígur á milli verslunar- og leikskólalóðar. Stígarnir verða með bundnu slitlagi og 2,25 og 3 m á breidd.

2.3.3 BíLASTÆÐI

Miðað er við að hverri sérbýlisibúð fylgi tvö bílastæði innan lóðar.

Flestar fjölbýlishúsalöðir eru tvískiptar þar sem sá hluti lóðar, sem ætlaður er undir bílastæði, er milli akbrautar og gangstéttar. Fjöldi bílastæða fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsum er tilgreindur í kafla 3.3.8. Almennt er miðað við að hverri íbúð í fjögurra hæða fjölbýlishúsum og hærri fylgi eitt bílastæði í bílageymslu. Undantekningar eru mögulegar vegna smásbúða sbr. almenn ákvæði um fjölda bílastæða.

2.3.4 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Ráðgert er að almenningsvagnar aki eftir Naustagötu, Kjarnagötu, Naustabraut og Wilhelmínugötu og verða biðskýli með um 300 m millibili að jafnaði sitt hvoru megin gatnanna. Staðsetning biðstöðva er merkt á skipulagsupprætti og er gert ráð fyrir að þar verði sett upp biðskýli með glerveggjum sbr. nýrri gerðir skýla í öðrum bæjarhlutum. Útfærsla verður ákvörðuð við endanlega gatnahönnun. Heimilt verður að hafa útskot fyrir strætisvagna á kostnað samsíða bílastæða við Kjarnagötu og grænna hliðarsvæða við aðrar götur. Gera skal ráð fyrir lýsingu við biðstöðvar eða í biðskýlum.


2.3.5 GATNAHEITI

Götur eru kenndar við þekkta einstaklinga úr sögu bæjarins til þess að halda á lofti nöfnum heiðursborgara, skálða og annarra sem sett hafa svip á bæinn (sjá greinargerð í viðauka 8.1).

2.4 TORG

Norðan gatnamóta Kjarnagötu og Geirþrúðarhaga á reit 2 verður torg. Þar er gert ráð fyrir möguleika á verslunar- og þjónusturýmum sbr. kafla 2.2.6 og 3.3.7. Við torgið stendur hæsta bygging hverfisins sem jafnframt er kennileiti á svæðinu. Torgið stendur fyrir miðpunkt svæðisins þar sem verslun, þjónusta og íbúðir tvinnast saman. Hluti torgsins tilheyrir gatnakerfi Akureyrarbæjar og mun Akureyrarbær sjá um hönnun og frágang þar. Hönnun skal taka mið af hlutverki torgsins með það að markmiði að yfirbragð þess verði hlýlegt og aðlaðandi og styðji við markmið um atvinnustarfsemi við Kjarnagötu.

Sá hluti lóða aðliggjandi fjölbýlishúsa, sem snýr að torginu, skal útfærður í samræmi við nýtingu jarðhæðar sbr. kafla 2.2.6. Hefðbundnr grónir forgarðar eru heimilir framan við íbúðir en æskilegt er að framan við atvinnufyrirtæki, verslanir og þjónustu, verði forgarður útfærður í samhengi við almenna hluta torgsins (svæði Akureyrarbæjar).



Mynd 7. Kjarnagata og torg.

2.5 OPIN SVÆÐI

Undir opin svæði flokkast þau svæði sem hvorki lenda undir götum né tilheyra lóðum. Það eru gróin svæði og eyjar meðfram götum og gangstéttum, miðja hringtorga o.fl. sem tilheyrir gatnakerfinu. Hljóðmönnum eða –veggjum skal koma fyrir meðfram Naustabraut og Wilhelmínugötu til hljóðvarna fyrir nálægar íbúðir.

Naustagil er opíð svæði og er hluti af stærra neti útvistarsvæða í bænum með göngustígum og gróðri (svæði 23, 24 og 25).

2.5.1 LEIK- OG ÚTVISTARSVÆÐI

Tvö leiksvæði verða innan íbúðarbyggðarinnar auk húsagarða á fjölbýlishúsareitum. Þau verða annars vegar útvistar- og leiksvæði og hins vegar hluti af fráveitukerfi fyrir ofanvatn á sama hátt og miðeyja Kjarnagötu sbr. kafla 2.5.2.

Svæðin tengjast vel samgönguneti hverfisins. Gert er ráð fyrir trjá- og runnagróðri sem mun skapa skjólgoð rými til leikja auk þess sem mögulegt er að koma fyrir leiktækjum. Ekki verður að öðru leyti fjallað um frágang, útfærslu og búnað svæðanna í deiliskipulagi þessu.

Á svæði 20 verður leikskóli með leiksvæði, sem nýtist hverfinu sem leikvöllur utan rekstrartíma skólans.

Stór og fjölbreytt útvistarsvæði eru í nágrenni byggðarinnar. Ofan byggðar eru Naustaborgir, fjölbreytt útvistarsvæði, sem tengist útiífsmiðstöðinni á Hömrum og Kjarnaskógi í suðri. Norðan hverfisins er Naustagil sem opnast út í skógi vaxnar bæjarbrekkurnar með gönguleiðum. Upp af því er gert ráð fyrir útvistarstígum þvert í gegnum hverfið. Þar er einnig gert ráð fyrir leikskólalóð og verslunarhlóð, sem rjúfa að hluta samfellu hins græna svæðis.

2.5.2 MÆÐFERÐ OFANVATNS

Vatn af götum, bílastæðum og gangstéttum skal meðhöndlað og hreinsað með s.k. jarðvegssíum. Þær virka sem náttúrulegur filter, þar sem möl og jarðvegur síar óhreinindi úr ofanvatninu og hindrar að mengun berist út í grunnvatn, læki og sjó.

Fráveita ofanvatns mun að hluta fara um opnar ofanvatnsrásir sem liggja munu samsíða götum og gangstéttum. Þær eru öllu jafna burrar og grónar en taka við vatni í miklum rigningum og leysingum. Ofanvatnsrásir gegna hlutverki jarðvegssíá.

Það vatn sem ekki rennur beint í ofanvatnsrásir er leitt með fráveitulögnum í þurrtjarnir og lautir sem gegna sama hlutverki og eru staðsettar á opnum og óbyggðum svæðum. Lautir eru grasi grónar og e.t.v. með gróðri sem ekki krefst þess að vera sleginn. Þurrtjarnir geta verið útfærðar t.d. með malaryfirborði, n.k. svelgjum og fjölærum plöntum í jöðrum þess sem þola snjófarg fram eftir vori.


Ofanvatnskerfið; rásir, þurrtjarnir og lautir, eru hluti af grænu neti hverfisins og mun setja svip sinn á opin svæði. Það mun auk þess gegna hlutverki snjósöfnunarsvæða á vetrum og taka við leysingavatni. Gera skal ráð fyrir yfirlöllum innan svæða og í götuköntum vegna mögulegrar klakamynunar eða flóðahættu.

Útfærsla lagnakerfis og ofanvatnsrása svo og frágangur þessara svæða (útlit, plöntuval m.m.) verður ákveðinn í verkhönnun.



Mynd 8. Dæmi um útfærslu á þurrtjörn.⁷

⁷ sjá vefsíðu: <http://www.pinehurstseattle.org/2008/08/15/pretty-bioswales/>



Mynd 9. Dæmi um jarðvegssíu í miðeyju Kjarnagötu. -

2.6 VEITUR

Lagnir veitukerfa (fráveita, rafveita, hitaveita og vatnsveita) auk fjarskiptakerfa verða undir götum og stígum. Lagnir verða ekki sýndar á skipulagsupprætti nema þar sem þær liggja um lóðir (kvaðir) eða opin svæði.

Veitukerfi eru að mestu í eigu Norðurorku hf. sem sér um rekstur og viðhald lagna.

3 SKIPULAGSÁKVÆÐI

3.1 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Í gildi er byggingarlistastefna Akureyrbærjar sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 12.6.2001.

Með hliðsjón af ákvæðum byggingarlistarsetnunnar er lögð áhersla á vandaða hönnun íbúðarhúsnaðis hvað snertir innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð, nútímaleg byggingarlist þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði. Byggingar skulu fela í sér heilsteypta hugmynd þar sem m.a. er tekið mið af samhengi smáatriða og heildar, fjölbreytileika og samræmis, jafnvægis og hlutfalla, notagildis og hagkvæmni, forms og lita. Hús skulu felld að landi, uppgefnum lóðahæðum og taka mið af staðháttum á hverjum stað.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal meta þessa þætti sérstaklega við umfjöllun og afgreiðslu aðaluppdráttu og getur hafnað umsókn teljist hún ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti. Komi upp ágreiningur eða vafaatriði við afgreiðslu getur skipulags- og byggingarfulltrúi leitað álits skipulagsnefndar eða fagmanna við mat á þessum þáttum hönnunarinnar.

Einnig eru í gildi eru almennir byggingarskilmálar Akureyrbærjar frá 2006 og samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar frá 2011.



Mynd 10. Skýringaruppdráttur.

3.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Skilmálar þessir taka til allra bygginga á svæðinu og frágangs lóða.

Mismunandi ákvæði eru um þakform og þakhalla á einbýlis- og raðhúsum eftir götum. Annars vega er miðað við hús með flötum eða lágum einhalla þökum á austur og suðurjaðri hverfisins (gerð a) og hins vega opnari skilmála með flötum þökum eða risþökum allt að 28° í miðju hverfisins (gerð b - sjá kafla 3.4 og 3.5).



Mynd 11. Mismunandi form og útlitsákvæði sérþýlishúsa.

Gefin er upp hámarkshæð (mænishæð) og vegghæð langhliða byggingar yfir leiðsögukóta gólfplötu 1. hæðar. Að öðru leyti eru ekki gerðar sérstakar kröfur um form og úlit bygginga umfram almennar gæðakröfur í kafla 3.1.

Leiðsögukóti verður tilgreindur á mæliblaði. Hann verður ákvarðaður eftir áætlaðri hæðarsetningu lands og lóðamarka, að jafnaði um 20-30 cm yfir götuhað við aðalinngang.

3.2.1 NÝTINGARHLUTFALL, NÝTING LÓÐA

Nýting lóða er skilgreind með nýtingarhlutfalli (N) og fjölda íbúða (á íbúðarlóðum).

Nýtingarhlutfall miðast við hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingahluta í lokunarflokk A (sbr. ÍST 50:1998) á viðkomandi lóð og flatarmáls lóðar. Á reitum 1-3 er uppgefið sérstakt nýtingarhlutfall bílageymslina.

Dæmi: $N=0,35$, lóð 750 m^2 ; hámarksbrúttóflatarmál verður $750 \times 0,40 = 300 \text{ m}^2$.

Á einbýlishúsalóðum og hverjum lóðarhluta rað- og parhúsalóða má einungis vera ein íbúð. Ef gerð er aukaíbúð („kynslóðaíbúð“) skal hún vera hluti meginíbúðarinnar og er óheimilt að skilja hana frá aðaleigninni sem sjálfstæða eign.

Tilgreindur er lágmarkfjöldi íbúða á hverri fjölbýlishúsalóð. Heimilt er í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að fjölgu íbúðum í fjölbýslihúsum að því tilskyldu að ekki verði gengið á gæði íbúða, breyting rúmist innan stærðarmarka og nýtingarhlutfalls og að tilskilinn fjöldi bílastæða verði

innan óbreyttrar lóðar. Taka skal mið af markmiðum skipulagsnefndar um fjölbreytni og hlutfall íbúðagerða.

Hver lóð með byggingarreit er merkt með einkennisstöfum sem tákna húsgerð og hæðafjölda á skipulagsuppdætti.

- | | |
|----|------------------------|
| E | = einbýlishús, |
| R | = raðhús/parhús, |
| F | = fjölbýlishús, |
| Ve | = verslun og þjónusta, |
| S | = þjónustustofnanir |
| R | = veitumannvirki. |

Rómverskar tölur tákna hæðafjölda en byggingarreitir kjallara (bílageymslur) eru merktir Kj.

Ákvæði um nýtingarhlutfall, hússtærðir og húsform eru í köflum 3.3 – 3.7. Nýtingarhlufall hverrar lóðar er sýnt á skipulagsuppdætti. Bílastæðahlutar fjölbýlishúsalóða meðtaldir í flatarmáli.

3.2.2 BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdætti og málsettir á mæliblaði. Hús skulu standa innan byggingarreits. Þó mega þakbrúnir á langhliðum og minniháttar útbyggingsar s.s. útbyggðir gluggar ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit en þakbrúnir á göflum 0,3 m. Svalir og útitröppur mega ná 1,6 m út fyrir byggingarreit. Svalagangar skulu vera innan byggingarreits.

Innan sömu lóðar getur byggingarreitir verið með mismunandi ákvæðum t.d. um hæðafjölda eða húsgerð og eru ákvæðaskil dregin með sömu línugerð og reiturinn. Heil lína á byggingarreit táknað bindandi byggingarlínu sem húsið að hluta eða öllu leyti skal liggja að.

Fjarlægð milli húsa skal taka mið af gr. 9.7.5 í byggingarreglugerð. Fjarlægð milli byggingarreita miðast við lágmarksfjarlægð milli steinsteypta húsa (REI 60/REI 60). Þar sem þannig háttar til verður hús með minni brunamótstöðu ekki byggt að mörkum byggingarreits andspænis næsta húsi.

3.2.3 ÍBÚÐASTÆRÐIR

Í fyrsta og öðrum áfanga Naustahverfis eru um 75% íbúðanna þriggja og fjögurra herbergja. Minni íbúðir eru um 13% og stærri um 12%. Stefnt er að því að allar íbúðastærðir verði byggðar í öllum húsagerðum. Ekki er raunhæft að ná tilsettum hlutföllum íbúðastærða í hverju húsi fyrir sig.

Lóðarhafi skal í upphafi hönnunarvinnu hafa samráð við skipulags- og byggingarfulltrúa um íbúðagerðir þar sem höfð verður hliðsjón af markmiðum skipulagsnefndar og viðmiðum í köflum 3.3, 3.4 og 3.5.

3.2.4 SKILMÁLATÁKN Á SKIPULAGSUPPDÆTTI


Á skipulagsuppdætti er táknaþykki á hverri lóð þar sem fram kemur húsgerð, hæðafjöldi, fjöldi íbúða, nýtingarhlutfall og lóðastærð. Gefið er upp sérstakt nýtingarhlutfall fyrir bílageymslur. Mismunandi ákvæði um þakform og húsahæðir einbýlishúsa og raðhúsa eru tilgreind með a) og b). Þakgerðir húsa og hámarkshæðir eru tilgreindar og sýndar á skýringarmyndum í köflum 3.3, 3.4 og 3.5.

Hámarkshæðir byggingarhluta (vegghæð, þakhæð) miðast við hæð yfir gólfkóta 1. hæðar (ekki kjallara þar sem þeir eru). Hæðarsetning verður ákvörðuð með útgáfu mæliblaðs. Gróf áætluð hæð miðast við að gólf verði um 20-30 cm yfir götuhæð við aðalinngang. Á mörgum lóðum verður umtalsverð landmótun og verður hæð því ekki ákvörðuð þar fyrr en endanleg gatnahönnun liggur fyrir.

3.2.5 FRÁGANGUR LÓÐA

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar og almenna byggingarskilmála⁸.

Landhæð á lóðamörkum skal vera samkvæmt uppgefnum hæðarkótum á mæliblöðum. Miðað er við að lóðarhæð fylgi beinni línu milli hæðarkóta. Sú landhæð skal ná að lágmarki 1 m inn á hvora lóð samliggjandi lóða nema lóðarhafar geri með sér skriflegt samkomulag um aðra landhæð. Í þessu felst að óheimilt er að hafa jarðvegsfláa að lóðamörkum. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi eða grjóti út fyrir lóðamörk. Sjá almenna byggingarskilmála Akureyrarbæjar⁸.



Mynd 12. Uppgefín landhæð skal vera á lóðamörkum. Sú landhæð skal að lágmarki ná 1 m inn á hvora lóð. Mögulegt er að hækka/lækka lóð að vild innan hennar.

Lóðarhafar skulu ganga frá bílastæðum með hörðu yfirborði. Fjöldi bílastæða við fjölbýlishús fer eftir íbúðastærðum sbr. kafla 3.3.8. Við sérbýlishús er að jafnaði gert ráð fyrir tveim bílastæðum innan lóðar. Innkeyrslur á lóð mega ekki vera breiðari en 6 m (sem nemur einu bílastæði samsíða gangstétt).

Mælt er með því að byggingar verði mótaðar með skjólmyndun í huga og skjólveggir verði hluti húsaþönnunar. Þannig verði reynt að minnka þörf fyrir uppsetningu umfangsmikilla skjólgirðinga síðar. Girðingar á lóðamörkum skulu vera samþykktar af báðum lóðarhöfum. Ekki er talin þörf á að girða að opnu svæði en sækja skal um gerð slíksra girðinga til skipulags- og byggingarfulltrúa.

Vísað er til ákvæða í kafla 7.2 byggingarreglugerðar vegna frágangs trjáa og runna, sérstaklega gr. 7.2.2. en þar segir: „Ekki má planta hávöxnum trjátegundum nær lóðarmörkum aðliggjandi lóða en 4,0 m. Við staðsetningu trjáa á lóð sem ætlað er að vaxi frjáls skal taka tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrannalóðum. Sé trjám eða runnum plantað við lóðarmörk samliggjandi lóða skal hæð þeirra ekki verða meiri en 1,80 m, nema lóðarhafar beggja lóða séu sammála um annað. Ef lóðarmörk liggja að götu, gangstíg eða opnu svæði má trjágróður ná meiri hæð, enda komi til samþykki veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæðis.”

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Heimilt er að koma fyrir einu smáhýsi á hverja íbúð í einbýlis-, rað- og parhúsum í samræmi við byggingarreglugerð. Húsfélög í fjölbýli ákveða fjölda og staðsetningu smáhýsa í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa. Staðsetning smáhýsa skal ákvörðuð í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

SORPGEYMSLUR

Sorpgeymslur skulu vera í eða við hverja byggingu. Fjöldi og frágangur þeirra skal vera í samræmi við 6.12.6, 6.12.7 og 6.12.8 gr. byggingarreglugerðar. Almennt skal þess gætt að sorpílat verði ekki áberandi þáttur í aðkomu og útliti húss og lóðar.

3.2.6 HLJÓÐVIST OG HÁVAÐAVARNIR

Almennt viðmið er að hljóðstig fari ekki yfir 55 dB(A) við húsvegg íbúðarsvæðum en við íbúðarhús á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum er miðað við 65 dB(A). Hljóðstig innandyra skal að hámarki verða 30 dB(A). Við Kjarnagötu er viðmiðunarhljóðstig 65 dB(A).

⁸ Almennir byggingarskilmálar. Samþ. í umhverfisráði 30. ágúst 2006, staðfest í bæjarstjórn 12. sept. 2006

Unnin hefur verið hljóðskýrsla fyrir Hagahverfi þar sem metið var hljóðstig við hús út frá tilteknunum forsendum s.s. um umferðarmagn og hraða.⁹

Í samræmi við niðurstöður hljóðreikninga er gert ráð fyrir hljóðmönnum eða -veggjum meðfram Naustabraut (2 m há) og Wilhelmínugötu (1,5 m há). Veggur á lóðamörkum upp með Wilhelmínugötu kemur til greina sem hljóðvörn í stað manar. Hljóðmanir verða hannaðar og hæðarsettar endanlega við verkhönnun gatnakerfis og endanlega hæðarsetningu lóða og bygginga.

Mótvägisaðgerðir eru nauðsynlegar í húsunum meðfram Kjarnagötu svo hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum innandyra. Þar verður um að ræða byggingartæknilegar lausnir, hljóðeinangrunargildi glugga og útveggja og loftræsingi til viðbótar við opnanlega glugga á þeirri hlið sem snýr að götunni. Gera skal grein fyrir hljóðdempandi aðgerðum á aðaluppráttum.

3.2.7 MÆLIBLÖÐ

Mæliblöð sýna lagnir, stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínur og kvaðir ef einhverjar eru.

Á mæliblöðum eru einnig tilgreindar landhæðir við lóðamörk og leiðsögukótar, þ.e. leiðbeinandi hæðarkótar gólfss jarðhæðar eða 1. hæðar. Vikmörk frá leiðsögukóta eru almennt um 25 cm (+/-). Í vissum tilvikum geta hæðarkótar þó verið bindandi vegna frárennslislagna. Gefin er upp hámarkshæð byggingar yfir leiðsögukóta, lega vatns- og frárennslislagna og inntakshliðar fyrir rafmagn og heitt vatn.

3.2.8 AÐALUPPDRÆTTIR

Aðalupprætti skal leggja inn til samþykktar hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Þeir skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, mæliblöð svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Á aðalupprættum skulu vera heildarupprættir af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð. Byggingar á hverri lóð skulu mynda samhengi og skulu hönnuð af sama aðila og lögð fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa sem ein heild. Samræmi skal vera í ytri efnisáferð og yfirbragði mannvirkja á sömu lóð. Þar sem hús eru samtengd skal samræma þakform, lita- og efnisval.

Á aðalupprætti skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali.

Skjólveggi, girðingar og sorpgeymslur skal sýna á aðaluppráttum.

Á aðalupprættum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu sýndar á sniðum og útlitsmyndum eftir því sem við á. Að öðru leyti vísast til kafla 4.3 í byggingarreglugerð.

3.2.9 VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR

Sérteikningum skal skila með undirskrift hönnunarstjóra til skipulags- og byggingarfulltrúa til áritunar sbr. grein 4.1.2. í byggingarreglugerð.

⁹ Bergþóra Kristinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir. *Hljóðstig í Naustahverfi 6 Hagar. Niðurstöður hljóðreikninga – greinargerð fyrir deiliskipulag*. Efla verkfræðistofa 12. febrúar 2014.

3.3 FJÖLBÝLISHÚS

3.3.1 ALMENNIR SKILMÁLAR

Með ákvæðum þessum og tilmælum er leitast við að tryggja almenn og sjálfsögð gæði íbúða og góð tengsl við leik- og útvistarvæði.

ÁKVÆÐI

- Óheimilt er að útbúa íbúðarrými í kjöllurum fjölbýlishúsa.
- Tryggja skal góð tengsl frá íbúðum/stigahúsum að baklóðum og görðum fjölbýlishúsa, t.d. með útgangi úr stigahúsi eða hjóla- og vagnageymslu beint í bakgarð.
- Aðalinngangar fjölbýlishúsa skulu snúa að húsagötu.
- Einhliða íbúðir allt að 55 m² (þ.e. íbúðir með glugga einungis í eina átt) eru heimilar sbr. 6.7.6. gr. byggingarreglugerð.

TILMÆLI, LEIÐBEINANDI ÁKVÆÐI

- Stefnt skal að því að allar íbúðir hafi glugga á gagnstæðum hliðum hússins. Með þessari meginreglu er leitast við að tryggja möguleika á gegnumloftun, útsýni og tengsl bæði við götu og garð.
- Eftir föngum skal forðast að svefnherbergisgluggar snúi að svalagöngum þar sem umferð er að öðrum íbúðum.
- Miðað er við þá almennu reglu að stigar verði innanhúss. Ef sótt er um að stigahús verði opin skulu þau vera skjólgóð, undir þaki og innan byggingarreits.
- Stefnt er að eftirfarandi skiptingu íbúðastærða í fjölbýlishúsum:
 - 20% eins og tveggja herbergja íbúðir
 - 50% þriggja herb.
 - 20% fjögurra herb.
 - 10% fimm herbergja eða stærri íbúðir.

Ekki er raunhæft að ná tilsettum hlutföllum íbúðastærða í hverju húsi fyrir sig nema e.t.v. í stærstu húsunum. Því skal haft samráð í upphafi hönnunar við skipulags- og byggingarfulltrúa um íbúðagerðir. Lóðarhafar eða framkvæmdaaðilar, sem kunna að hafa nokkar samfelldar lóðir, geta miðlað íbúðastærðum milli lóða til þess að mæta markmiðum um hlutfall íbúðagerða.

Nokkur fjölbýlishús verða sambyggð húsum á annarri lóð. Ekki er krafist samræmis í útliti þeirra þar sem fjölbreytni í húsaröð getur orðið jákvæð í bæjarmyndinni.

Tilgreindur fjöldi íbúða á hverri lóð er lágmarksfjöldi. Heimilt er í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að fjölda íbúðum í fjölbýlishúsum sbr. ákvæði í kafla 3.2.1.

Byggingarreitir eru miðaðir við hefðbundin stigahús með tveim íbúðum á hverri hæð í hverjum stigagangi. Aðrar lausnir eru heimilar ef almennar kröfur um fjölda og gæði íbúða eru uppfylltar. Bent er á útfærslumöguleika með tveggja hæða íbúðum, t.d. á efstu hæðum og í húsum með svalagöngum. Lóðarhafar og hönnuðir eru hvattir til nýsköpunar innan skilmála skipulagsins þannig að stutt verði við markmið um fjölbreytni og gæði íbúða og umhverfis.

Landhalli gefur víða kost á kjallara og er heimilt að gera kjallara þar sem þörf er á og aðstæður leyfa. Bílageymslur eru í kjallarahæð, að hluta eða öllu leyti undir viðkomandi íbúðarhúsi. Bent er á hagræði af því að koma geymslum og öðrum aukarýmum fyrir í kjallara, ekki síst þar sem kjallrarar tengjast bílageymslum.


HÚSHÆÐ OG PAK

Pakgerð er frjáls en þakhalli skal vera á bilinu 0° - 22° . Þök geta verið flöt, einhalla og tvíhalla. Ekki er mælt með valmaþökum að frátoldu punkthúsi við Kjarnagötu.

Hámarkshæð miðast viðgólfkóta 1. hæðar skv. mæliblaði.

- Mesta vegghæð fjölbýlishúsa er: Hæðafjöldi $\times 2,8\text{ m} + 1,9\text{ m}$
- Mesta hæð fjölbýlishúsa er: Hæðafjöldi $\times 2,8 + 2,7\text{ m}$

Frávik frá reglunni er aukin lofthæð jarðhæðar við Kjarnagötu á reit 2 sbr. kafla 3.3.7.



Mynd 13. Hæðir fjölbýlishúsa F II, F III, F IV og F V. Dæmi um bílageymslu.

LÓÐARFRÁGANGUR

Við fjölbýlishús skal vera afmarkaður sérafnotahluti lóðar fyrir íbúðir á jarðhæð. Afmörkun skal að jafnaði ná 3 m út frá byggingu garðmegin. Afmörkun götumegin skal ákværðast í samræmi við útfærslu íbúða og frágang forgarðs. Götumegin skal sérafnotahluti þó aldrei vera minni en svalir efri íbúða.

Í lóðasamningum verða ákvæði um frágang þeirra lóðahluta, sem verða til sameiginlegra nota með aðliggjandi lóðum sem leik- og útvistarsvæði.

Dvalar- og leiksvæði innan fjölbýlishúsalóða skulu vera í samræmi við gr. 7.1.6 í byggingarreglugerð.

LÓÐAVEGGIR

Á lóðamörkum við gangstéttir meðfram Kjarnagötu skal vera lóðaveggur, steypt girðing, hæð 0,9 m. Ekki er krafa um lóðavegg á reit 2. Lóðaveggir skulu ná fyrir horn a.m.k. 4 m niður með þvergötum. Ef veggur er stallaður skal hæð hans vera að lágmarki 0,7 m og að hámarki 1,4 m.

Heimilt er að reisa sams konar steypta lóðaveggi á lóðamörkum fjölbýlishúsa þar sem bílastæði snúa 90° að byggingum. Ef ekki eru reistir lóðaveggir á lóðamörkum fjölbýlishúsalóða við götu skal girða lóðir með limgerði. Limgerði skal að öllu leyti vera innan lóðar. Timburveggir og timburgirðingar eru ekki heimilar að götu/gangstétt.

3.3.2 F IV OG V, FJÖLBÝLISHÚS MEÐ LYFTU OG BÍLAGEYMSLU,

Fjögurra og fimm hæða íbúðarhús verða á reitum 1, 2 og 3. Húsgerðin fellur m.a. vel að þörfum roskins fólk, þ.e. þess hóps, sem sækir í fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu. Hún getur einnig hentat einstaklingum og ungum barnlausum fjölskyldum. Enn fremur er talin þörf á stórum fjölskylduíbúðum í þessari húsgerð. Því verður gert ráð fyrir öllum íbúðastærðum í lyftuhúsum með bflageymslu.

Sérákvæði eru um nýtingarmöguleika 1. hæðar húsa á vesturhluta reits 2 við Kjarnagötu, sjá kafla 3.3.7.


KENNILEITI Á LÓÐ KJARNAGÖTU 51

Á hornhúsi við gatnamót Kjarnagötu og Davíðshaga skal vera e.k. kennileiti, turn, útbyggður gluggi eða önnur áhersla, sem markar hornpunkt hverfisins. Bent er á að almenn ákvæði um útbygginingar og hámarksvegghæð gefa kost á ákveðnu fráviki í útliti og formi.

3.3.3 F VII, FJÖLBÝLISHÚS, PUNKTHÚS VIÐ TORG,

Eitt punkthús markar þungamiðju hverfisins við torgið. Heimild er fyrir atvinnurekstur á 1. hæð sbr. kafla 3.3.7 og gilda ákvæði þess kafla um húsið eftir því sem við á.

Kvöð er um að á hæsta punkti hússin verði sett rauft viðvörunarljós í samráði við ISAVIA.



Mynd 14. F VII við torgið. Möguleiki er á atvinnustarfsemi á 1. hæð (aukin lofthæð). Dæmi um bílageymslu.

3.3.4 F III, FJÖLBÝLISHÚS MEÐ LYFTU,


Nokkrar lóðir eru fyrir þriggja hæða fjölbýlishús. Ekki er gerð krafa um bílageymslu við þau. Verði óskað eftir bílageymslu verður farið með erindi um slíkt sem breytingu á deiliskipulagi.

3.3.5 F II-III, TVEGGJA TIL PRIGGJA HÆÐA FJÖLBÝLISHÚS

Tvær lóðir eru fyrir tveggja til þriggja hæða fjölbýlishús á reitum 3 og 4. Ekki er gerð krafa um bílageymslu við þau.

3.3.6 F/R II, TVEGGJA HÆÐA FJÖLBÝLISHÚS, SÉRIBÚÐIR EÐA RAÐHÚS

Byggingarreitir fyrir þessa húsgerð miðast við hefðbundin fjörbýlishús, ýmist stakstæð eða sambyggð. Á reitunum gefst kostur á frávikum frá hefðbundnum fjölbýlishúsum. Bent er sérstaklega á fjölbýlishús þar sem allar íbúðir hafi aðalinnangang á jarðhæð (lítill íbúð á neðri hæð og stærri á efri hæð, einkastigi inni og beinn aðgangur að garði úr efri íbúð). Einnig er mögulegt að hanna litlar tveggja hæða raðhúsa íbúðir án bílskúrs á þessum reitum (sérþýlishús með sér garði).



Mynd 15. Skýringarmynd: Sami byggingarreitur og íbúðaffjöldi – ólíkar útfærslur.

- a) Hefðbundið fjölbýlishús með aðkomu að íbúðum úr stigagangi
- b) Sér inngangur í hverja íbúð á jarðhæð.
- c) Opnar útitröppur, neðri hluti sameiginlegur. Efri hluti og aðkomusvalir innan meginforms og undir þaki.
- d) Raðhús án bilgeymslu. Þrengri rammi en venja er í tveggja hæða raðhúsum. Einkagarður að húsabaki.

3.3.7 ATVINNUSTARFSEMI Á JARÐHÆÐ FJÖLBÝLISHÚSA

Á jarðhæð fjölbýlishúsa við Kjarnagötu á reitum 1, 2, 3, 4 og 5 er heimiluð atvinnustarfsemi, t.d. verslun, þjónusta, skrifstofur, handverksvinnustofur eða önnur starfsemi sem getur átt heima inni í íbúðarhverfi og hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Fyrst og fremst er hér átt við starfsemi sem þjónað getur íbúum hverfisins eða vinnustaði sem njóta nálægðar við íbúðarbyggðina.

Gera skal ráð fyrir meiri lofthæð á jarðhæðum húsa á reit nr. 2, sem snúa að Kjarnagötu, en almennt er miðað við í íbúðarhúsum, t.d. um 3,0-3,5 (salarhæð).

Miðað er við að innra skipulag jarðhæða verði með þeim hætti að þar geti hvort sem er verið íbúðir eða atvinnustarfsemi og skal herbergjaskipan þar miðast við að breytingar vegna breyttrar notkunar verði auðveldar. Þar sem ekki er fyrirséð hvort eftirspurn verður eftir atvinnuhúsnæði á svæðinu er líklegt að jarðhædir verði nýttar til íbúðar a.m.k. fyrst um sinn og sumar væntanlega alla tíð. Heimild til atvinnurekstrar í þessum húsum gefur kost á því að eigandi íbúðar breyti henni þannig að hún henti þeirri starfsemi sem þar á að vera án þess að breyta þurfi deiliskipulagi. Fara skal fram á samþykki meirihluta eigenda hússins við ákvörðun um breytta notkun íbúða sbr. fjöleignahúsalög.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að setja skilyrði með byggingarleyfi eða heimild til breytrar notkunar, s.s. um opnunartíma og annað er máli kann að skipta gagnvart nágrönum.



Mynd 16. Svæði meðfram Naustagötu, þar sem heimild er fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæð (1. hæð).

3.3.8 BÍLASTÆÐI OG BÍLAGEYMSLUR

BÍLASTÆÐAFJÖLDI

Bílastæðaþörf hverrar íbúðar verður miðuð við eftirfarandi stærðir:

- | | |
|--------------------------------------|-------------------------------|
| • Íbúðir 45 m^2 og minni | $\frac{1}{2}$ bílastæði/íbúð |
| • Íbúðir $46 - 75 \text{ m}^2$ | 1 bílastæði/íbúð |
| • Íbúðir $76 - 105 \text{ m}^2$ | $1\frac{1}{2}$ bílastæði/íbúð |
| • Íbúðir 106 m^2 og stærri | 2 bílastæði/íbúð |

Hverri íbúð í fjölbýlishúsum, fjögurra hæða og hærri, skal að jafnaði fylgja 1 bílastæði í bílageymslu. Frávik eru möguleg vegna smáibúða sbr. ofangreinda viðmiðun um fjölda bílastæða.

Dæmi: Á reitum 1-6 eru áætlaðar 334 íbúðir. Ef miðað yrði við að 10 % þeirra verði undir 46 m^2 , 35% á bilinu $46-75 \text{ m}^2$, 35% $76-105 \text{ m}^2$ og 20% yfir 105 m^2 má áætla bílastæðaþörf um 440 stæði. Í deiliskipulaginu er miðað við að unnt sé að koma fyrir um 700 stæðum í húsagötum og þeim bílageymslum, sem gerð er krafa um á viðkomandi reitum/lóðum. Nokkurt svigrúm er því um útfærslu bílastæða og bílageymslna jafnvel þótt hlutfall stórra íbúða verði talsvert hærra en í þessu dæmi. Jafnframt er svigrúm til þess að hafa fleiri bílastæði en lágmarkskröfur kveða á um.

Ekki er gerð krafá um að bílastæði í bílageymslu fylgi minnstu íbúðunum þótt eflaust sé einhver eftirspurn eftir slíku. Miðað skal við að eitt bílastæði í bílageymslu fylgi hverri íbúð sem er þriggja herbergja eða stærri í þeim húsum, þar sem gerð er krafá um bílageymslu.

Ofangreint svigrúm felur í sér rýmisþörf bílastæða fyrir fatlaða. Hönnuðir skulu gera grein fyrir bílastæðum fyrir fatlaða í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Slík stæði eru ekki sýnd sérstaklega í deiliskipulagi, þar sem útfærsla og staðsetning er háð húshönnun og lóðaskipulagi á hverjum stað.

BÍLASTÆÐI VIÐ HÚSAGÖTUR

Bílastæði fjölbýlishúsa eru annars vegar á sérafmörkuðum lóðahlutum við húsagötur og hins vegar í bílageymslum.

Meginhluti bílastæða við fjölbýlishús eru 90° stæði (þverstæði) við húsagötur. Hluti hverrar fjölbýlishúsalóðar er handan gangstéttu og er ætlaður undir bílastæði. Í vissum tilvikum geta slíkir lóðarhlutar verið fleiri en einn. Á milli bílastæðalóða verða eyru/eyjar sem verða hluti gatnakerfisins og eru ætluð undir snjóruðninga.

Gangstéttir í húsagötum verða hluti gatnakerfis Akureyrarbæjar og liggja milli meginhluta lóðar og bílastæðahluta hennar. Gangstéttir við þverstæð bílastæði verða 3 m breiðar til þess að gera snjómokstur mögulegan.

Ákveðið óhagræði í rekstri og frágangi bílastæða í húsagötum (rekstur íbúa/rekstur Akureyrarbæjar) t.d. vegna snjómoksturs er vegið upp af þeirri hagkvæmni, sem felst í því að losna við sérstakar akbrautir innan lóða að bílastæðum. Íbúar njóta þess að bein aðkoma verður að bílastæðum þeirra frá gatnakerfi bæjarins.

Til þess að gæta hagræðis og samræmingar við gatnagerð og gerð bílastæða á þessum lóðahlutum fjölbýlishúsalóða mun Akureyrarbær sjá um hönnun og framkvæmd beggja þátta. Akureyrarbær mun innheimta sérstakt framkvæmdagjald samhliða greiðslu gatnagerðargjalds fyrir viðkomandi lóð. Upphæð reiknast út frá kostnaðaráætlun, sem unnin verður miðað við fullfrágengin bílastæði. Kostnaðaráætlun verður uppfærð í samræmi við byggingarvísitölu á hverjum tíma. Lóðarhafar/húseigendur skulu annast rekstur og viðhald bílastæða á eigin lóð.

BÍLAGEYMSLUR

Gert er ráð fyrir bílageymslum á reitum 1, 2 og 3. Lofthæð í bílageymslum skal vera a.m.k. 2,5 m. Brattar skábrautir utandyra skulu vera með snjóbræðslu. Skábrautir innandyra mega vera með 10% halla.

Landhæðir í húsagörðum (hallandi land) gefa kost á því að hafa bílageymslurnar opnar að hluta vegna loftræsingar.

Á þaki bílageymslna skal gera ráð fyrir garði og útisvæðum íbúða á jarðhæð (til einkanota). Við lóðahönnun skal leitast við að fela bílageymslur með jarðvegsfláum að hluta.

BÍLASTÆÐI VIÐ KJARNAGÖTU

Bílastæði verða samsíða akbraut Kjarnagötu. Þau verða hluti gatnakerfis Akureyrarbæjar. Ef lóðarhafar aðliggjandi lóða geta ekki sýnt fram á að kröfur um bílastæði verði uppfylltar innan lóða og í bílageymslum verður lóðarhafi að greiða bílastæðagjald skv. samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri, sem samþykkt var í bæjarstjórn 27. júní 1991. Öheimilt er að merkja slík stæði sem einkastæði.

3.4 RAÐHÚS

Á lóðum fyrir raðhús er gert ráð fyrir tveim (parhús) til sex íbúðum. Íbúðafjöldi á lóð er tilgreindur á skipulagsupprætti. Flest raðhús eru einnar hæðar, R I en þrjár lóðir eru fyrir tveggja hæða hús, RII.

Bílageymsla skal vera fyrir hverja íbúð. Tvö bílastæði skulu vera innan lóðar hverrar raðhúsa íbúðar nema fyrir búðir 50 m² og minni en þar er gerð krafa um a.m.k. eitt bílastæði innan lóðar.

Vakin er athygli á sveigjanleika við hönnun raðhúsa þar sem unnt verður að raða saman ólíkum íbúðastærðum. Á deiliskipulagsupprætti miðast skipting lóðahluta til einkanota við jafnstórar íbúðir á hverjum lóðarhluta. Heimilt er að færa mörk lóðarhluta til einkanota þannig að íbúðir verði misstórar án þess að breyta þurfi deiliskipulagi. Skipting rað- og parhúsalóða í lóðarhluta einstakra eigna skal tilgreind í lóðarsamningi.

Stefnt er að því að um 35% íbúða í raðhúsum verði þriggja herbergja og minni, um 45% fjögurra herbergja og um 20% fimm herbergja og stærri.

Mælst er til þess að raðhús R I á reit nr. 9 og R II á reit nr. 7 verði stölluð til að taka mið af landhalla.

Húsgerð a er á austur- og suðurjaðri hverfisins, beggja vegna Nonnahaga, Steindórshaga og hluta Margrétarhaga. Húsgerð b er í miðju hverfisins.

Uppgefin hámarkshæð mælist yfir gólfkóta 1. hæðar (sbr. mæliblað).

GERÐ A:

- Flatt eða einhalla þak, 0-10°.
- F I a: Hámarkshæð og hámarksvegghæð langhliðar: 490 cm.
- F II a: Hámarkshæð og hámarksvegghæð langhliðar: 770 cm

GERÐ B:

- Flatt, einhalla eða tvíhalla þak, 0 – 28°.
- F I b: Hámarkshæð byggingar: 560 cm
- F I b: Hámarksvegghæð: 490 cm
- F II b: Hámarkshæð: 840 cm
- F II b: Hámarksvegghæð: 770 cm

Vakin er athygli á möguleika á byggingu raðhúsa án bílageymslna á fjölbýlshúsareitum F/R II sbr. ákvæði í kafla 3.3.6.

3.5 EINBÝLISHÚS

HÚSAGERD

Á skipulagssvæðinu eru 39 einbýlishúsalóðir, mismunandi að stærð. Á lóðum sem eru 600 m² og stærri skal gert ráð fyrir bílageymslum.

Einbýlishúsalóðir eru frá um 540 m² upp í um 1.260 m². Við Nonnahaga meðfram og ofan við Naustabraud eru nokkrar stórar einbýlishúsalóðir.

Gert er ráð fyrir 13 litlum einbýlishúsalóðum (540 og 585 m²) fyrir um 144-160 m² einbýlishús. Þar er ekki gerð krafa um bílageymslu.

Krafa er um tvö bílastæði innan hverrar einbýlishúsalóðar.

Ekki eru sett sérstök ákvæði um íbúðastærðir.

Staðhættir gefa á nokkrum stöðum kost á tveggja hæða húsum með jarðhæð (niðurgrafna að ofanverðu) eða s.k. pallahús. Svigrum til slíkra lausna ákvarðast af uppgefinni hæð bygginga og lóðahæðum. Taka ber mið af landhæðum við hönnun húsa. Í hallandi landi verður hvorki heimilt að grafa inn láréttu „skápa“ frá götu að efri lóðamörkum né fylla láréttu fyllingu frá götu að neðri lóðamörkum. Hæðarmun skal taka upp í byggingunni og á mildan hátt innan lóðar.

Húsgerð a er á austur- og suðurjaðri hverfisins, beggja vegna Nonnahaga, Steindórshaga og hluta Margrétarhaga. Húsgerð b er í miðju hverfisins.

Uppgefin hámarkshæð mælist yfir gólfkóta 1. hæðar (sbr. mæliblað). Húsahædir á lóðum austan Nonnahaga (ein til tvær hæðir, brekkuhús) miðast við gólfkóta götuhæðar, þ.e. efri hæðar í tveggja hæða húsi, þ.e. E I a.

GERÐ A:

- Flatt eða einhalla þak, 0-10°.
- E I a: Hámarkhæð og hámarksvegghæð langhliðar: 490 cm.
- E II a: Hámarkshæð og hámarksvegghæð langhliðar: 770 cm

GERÐ B:


- Flatt, einhalla eða tvíhalla þak, 0 – 28°.
- E I b: Hámarkshæð byggingar: 560 cm
- E I b: Hámarksvegghæð: 490 cm
- E II b: Hámarkshæð: 840 cm
- E II b: Hámarksvegghæð: 770 cm




Mynd 17. R II-b. Einfalt líkan. Hagahverfi séð úr austri. Naustagil og minjasvæði á brekkubrún.

3.6 SKÝRINGARMYNDIR, EINBÝLISHÚS OG RAÐHÚS


3.6.1 SKÝRINGARMYNDIR EINBÝLIS- OG RAÐHÚSA MED ÞAKGERÐ a, EINHALLA ÞAKI




Mynd 18. E I-a. Dæmi um stallað hús á hallandi lóð ofan götu.



Mynd 19. E I-a og R I-a. Dæmi um einnar hæðar hús á lítið hallandi lóð.




Mynd 20. E II-a og R II-a. Dæmi um tveggja hæða hús á lóð með miklum landhalla ofan götu.




Mynd 21. E II-a og R II-a. Dæmi um tveggja hæða hús á lóð með miklum landhalla neðan götu


3.6.2 SKÝRINGARMYNDIR EINBÝLIS- OG RAÐHÚSA MEÐ PAKGERÐ b, TVÍHALLA ÞAKI



Mynd 22. E I-b og R I-b. Dæmi um einnar hæðar hús á lítið hallandi lóð.



Mynd 23. E II-b og R II-b. Dæmi um tveggja hæða hús á lóð með miklum landhalla ofan götu.



Mynd 24. R II-b. Dæmi um tveggja hæða raðhús á lóð með töluverðum landhalla ofan götu.

3.7 LEIKSKÓLI Á REIT 20

Á reit 20 er lóð fyrir þjónustustofnun, leikskóla á einni hæð. Nokkur landhalli er á lóðinni og gæti verið þörf á hæðarstöllun húss.

Ekki eru settir skilmálar um form og útlit umfram almennar gæðakröfur.

- Hámarkshæð og hámarksvegghæð byggingar yfir gólfkóta skv mæliblaði er 5,5 m.
- Nýtingarhlutfall: 0,20.
- Bílastæðafjöldi: 20-30.

3.8 VERSLUNARHÚS Á REIT 19

Einnar hæðar verslunarhús. Ekki eru settir skilmálar um form og útlit umfram almennar gæðakröfur.

- Hámarkshæð og hámarksvegghæð 5,9 m yfir gólfkóta skv. mæliblaði.
- Nýtingarhlutfall: 0,20.

Innkeyrsla og bílastæði skulu hönnuð þannig að ekki sé hætta á að bílaröð á bílastæðum loki fyrir umferð um hringtorg. Kröfur um fjölda bílastæða munu taka mið af þeiri starfsemi, sem á lóðinni verður með hliðsjón af almennum reglum Akureyrarbæjar og ákvæðum byggingarreglugerðar um bílastæði fyrir fatlaða. Að öðru leyti er miðað við að bílastæði verði 45-65.

3.9 SPENNISTÖÐVAR

Tveir byggingarreitir eru fyrir dreifistöðvar rafveitu, merktir Z.

- Dreifistöð raforku er á sérstakri lóð á jaðri opins svæðis við Nonnahaga. Hefðbundin dreifistöð. Engar sérstakar útlitskröfur. Ganga skal frá lóð með runnagróðri.
- Bráðabirgða dreifistöð verður í syðri bílastæðaröð Geirþrúðarhaga á reit 3 sem verður aflögð og fjarlæggð þegar hverfið vestan Kjarnagötu verður byggt. Vegna staðsetningar verður lögð áhersla á snyrtilegt og nútímalegt útlit sem hæfir stöðu í göturýminu. Haft skal samráð við skipulags- og byggingarfulltrúa um hönnun byggingarinnar. Lóð verður bráðabirgðalóð innan gatnakerfis Akureyrarbæjar með tímasettum lóðasamningi.

3.10 NÚVERANDI BYGGÐ, REITIR 21 OG 22

3.10.1 NÚVERANDI HÚS

Á skipulagssvæðinu standa tveir bær, Naust I og Naust II, ásamt tilheyrandi bæjarhúsum. Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir breytingum á Naustum I og II. Skilgreindir eru byggingarreitir utanum núverandi byggingar og nýtingarhlutfall á lóðunum miðað við óbreytta stöðu.

3.10.2 HÚS, SEM HEIMILT ER AD FJARLÆGJA

Eftirtalin hús verður heimiilt að fjarlægja:

- Braggi í beitarhólfi sunnan Naustagils.
- Kartöflukofi sunnan Nausta I í vegstæði Naustabrautar.
- Útihús og gerði í Naustagili, austan fyrirhugaðrar Naustabrautar.

Byggingarnar teljast ekki hafa sérstak gildi, hvorki vegna sérstöðu, gerðar né stöðu í umhverfinu. Kartöflugeymslan er úr torfi en ekki hefur verið talin ástæða til þess að rannsaka hana eða meta í þeim fornleifakönnunum, sem fram hafa farið á svæðinu.

3.11 UMFERÐARSVÆÐI OG BÍLASTÆÐI

Umferðarsvæði, götur, gangstéttir, göngustígar og bílastæði skulu vera að hefðbundinni gerð miðað við frágang gatnakerfis á Akureyri.

Á miðeyju Kjarnagötu skal vera trjáröð og viðeigandi undirgróður. Tegundaval og hönnun verður unnin samhliða verkhönnun götunnar og í samræmi við áform um meðhöndlun ofanvatns.

Gerð bílastæða á bílastæðalóðum fjölbýlishúsa verður hluti gatnagerðar Akureyrarbæjar sbr. ákvæði þar um og greiðslur í kafla 3.3.8.

Yfirborðsvatni skal veitt í s.k. jarðvegssíur (sjá kafla 2.5.2) og hefðbundnar fráveitulagnir (ofanvatnslagnir). Svæði fyrir meðhöndlun ofanvatns eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Á framkvæmdatíma við gerð Naustabrautar skal afmarka minjasvæði í Naustagili í samráði við minjavörð Norðurlands eystra til þess að koma í veg fyrir skemmdir.

3.12 OPIN SVÆÐI

Opin svæði eru grænar eyjar meðfram götum og gangstéttum, miðja hringtorga o.fl. sem tilheyrir gatnakerfinu. Innan opinna svæða verður útfærð fráveita og ofanvatnskerfi.

Hljóðmönnum eða -veggjum skal komið fyrir á opnum svæðum meðfram Naustabraut og Wilhelmínugötu. Gengið skal frá þeim með tjá- og runnagróðri samkvæmt verkhönnun.

Naustagil er opið svæði sem nýtist til útvistar (reitur 23 og 25). Stígar munu liggja úr hverfinu og niður gilið, undir Naustabraut.

Opin svæði eru í umsjón Akureyrarbæjar sem sér um hönnun þeirra, framkvæmdir og rekstur.

3.12.1 LEIK- OG ÚTVISTARSVÆÐI

Tvö svæði inni í íbúðarbyggðinni eru ætluð til leikja og útvistar, reitur 7 og 15. Þau munu einnig verða hluti af ofanvatnskerfi í hverfinu. Við landmótun, hönnun og frágang leik- og útvistarsvæða skal tekið tillit til nýtingar ofanvatnskerfa á svæðunum.

3.12.2 FRÁVEITA OG OFANVATNSKERFI

Útfærsla fráveitulagna og ofanvatnskerfis skal hönnuð samhliða gatnahönnun með tilliti til áhersla í skipulagi. Svæði sem taka eiga við ofanvatni skulu vera aðlaðandi og útfærð svo lágmarks viðhalds sé krafist. Vanda skal allan frágang svæða.

Við landmótun, hönnun og frágang ofanvatnskerfa skal tekið tillit til nýtingar leik- og útvistarsvæða á opnum svæðum.

Svæði fyrir ofanvatnsrásir, þurrtjarnir og lautir eru merkt á skipulagsuppdrátt til nánari útfærslu.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Tengibrautir í þéttbýli eru tilgreindar í lið 10.b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ber að tilkynna nýlagningu þeirra og breytingar til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagið felur í sér lagningu um 570 m langrar tengibrautar, Naustabrautar, í framhaldi af núverandi tengibraut. Við val á veglínú var lögð áhersla á að skerða sem minnst fornminjar á Naustum. Vegurinn mun taka sveigju framhjá minjunum og koma á fyllingu í Naustagili. Gönguleið skal lögð undir veginn um göng eða rör til að tengja saman útvistarsvæði, óbyggð svæði ofan og neðan vegarins.

Í samræmi við niðurstöður hljóðrekninga¹⁰ er gert ráð fyrir hljóðmönnum eða –veggjum meðfram Naustabraud og Wilhelmínugötum. Mótvægisaðgerðir eru einnig nauðsynlegar í húsunum meðfram Kjarnagötu svo hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum innandyra. Þar verður um að ræða byggingartæknilegar lausnir s.s. hljóðeinangrunargildi glugga og útveggja og lofræsingi til viðbótar við opnanlega glugga á þeirri hlið sem snýr að götunni. Með þessum aðgerðum verður hljóðstig við húsvegg undir 55 dB eða, eins og meðfram Kjarnagötu, undir 30 dB innandyra og þar með innan þeirra viðmiða sem reglugerð um hávaða nr. 724/2008 gerir ráð fyrir.

Núverandi hús við Naust I standa um 20 m frá miðlinu vegarins. Gert er ráð fyrir að reistur verði hljóðveggur eða hljóðmön til að hlífa þeim húsum fyrir hávaða frá umferð.

Metnir hafa verið þættir í skipulaginu sem geta haft áhrif á umhverfið og þeir dregnir saman í eftirfarandi töflu.

Umhverfisþættir:

- Fornminjar
- Gróður
- Íbúaþróun
- Félagslegt umhverfi
- Byggð og efnisleg verðmæti
- Landslag

Áhrif eru metin sem [jákvæð (+)], [neikvæð (-)], [óveruleg (0)] eða [óviss (?)].

		Umhverfisþættir				
Áhrifavalldar		Fornminjar	Íbúaþróun	Félagslegt umhverfi	Byggð og efnisleg verðmæti	Landslag
	Naustabraud	?	+	0	+	-
	Íbúðarlóðir og gatnanet	0	+	+	+	0
	Leikskólalóð	0	+	+	+	0
	Verslunararlóð/-rými	0	+	+	+	0

¹⁰ Bergþóra Kristinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir. *Hljóðstig í Naustahverfi 6 Hagar. Niðurstöður hljóðrekninga – greinargerð fyrir deiliskipulag*. Efla verkfræðistofa 9. febrúar 2014.

Forminjar:

- Lagt er upp með að forðast rask á forminjum en eru áhrif af völdum Naustabrautar nokkuð óviss og háð nánari útfærslu.

Íbúaþróun:

- Skipulagið gerir ráð fyrir aukinni fólksfjölgun á Akureyri og stækkun íbúðarbyggðar á Akureyri. Samtals er gert ráð fyrir 540 nýjum íbúðum.
- Nýtingarhlutfall svæðisins er um 29,2 íbúðir á hektara sem er nokkuð hærra en í öðrum nýlegum hverfum. Með þéttari byggð fæst betri og hagkvæmari nýting lands en ella.
- Um er að ræða blandaða byggð sem byður ólíkum fjölskyldugerðum kost á búsetu.

Félagslegt umhverfi:

- Naustabraud mun tryggja góða tengingu 3. áfanga Naustahverfis við aðra bæjarhluta.
- Þjónusta á borð við verslanir og leikskóla auka lífsgæði í hverfinu.

Byggð og efnisleg verðmæti:

- Mikil verðmæti verða byggð upp í formi bygginga, samgöngumannvirkja og veitukerfa.

Landslag:

- Borgarlandslag mun leysa núverandi landbúnaðarlandslag af hólimi. Naustgil er áberandi í landslaginu og verður nýtt til útvistar að hluta. Naustabraud mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd gilsins með vegfyllingu. Draga má úr áhrifum með uppgræðslu vegfyllingar.

Lagðar eru til vistværar lausnir vegna frárennslis ofanvatns í skipulaginu. Lausnir felur í sér að dregið er úr áhrifum byggðarinnar á grunnvatn og vatnsgæði. Er það gert með því að veita rigningarvatni, sem hefði sigið beint niður í jarðveginn af túnum, aftur niður í jarðveginn um jarðvegssíur. Jarðvegssíurnar sjá til þess að mengandi efni berist ekki út í grunnvatnið.

Niðurstaða matsins er sú að áhrif eru almennt jákvæð vegna fjölgunar íbúa og þjónustu við þá auk verðmætasköpunar. Áhrif breytrar legu Naustabrautar eru jákvæð gagnvart minjaværnd en að hluta neikvæð gagnvart landslagi og ásýnd þar sem vegfylling kemur í stað brúar. Brú hefði hins vegar orðið áberandi dráttur í landslaginu, sem líta má á sem neikvæð áhrif þótt hún sem mannvirki hefði orðið áhugaverðari en vegfylling ofar í gilinu.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 SKIPULAGSFERLI

5.1.1 LÝSING

Lýsing skipulagsverkefnisins var gerð í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar er kveðið á um að við upphaf skipulagsvinnu skuli taka saman og leggja fram lýsingu á verkefninu þar sem skyrt er frá helstu forsendum, áherslum og skipulagsferli. Í upphafi verks er umsagnaraðilum og almenningi þannig gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin var auglýst í desember 2012. Svör bárust frá Isavia, Skipulagsstofnun, Norðurorku, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Þar voru m.a. fyrirvarar og ábendingar, sem tekið var mið af við gerð skipulagsins.

5.1.2 KYNNINGARFUNDIR

- Drög að deiliskipulagi voru kynnt á aðalfundi Hverfisnefndar Naustahverfis 7. nóvember 2013.
- Samráðfundur var haldinn með byggingarmönnum í samvinnu við Samtök iðnaðarins 4. desember 2013.
- Almennur kynningarfundur var haldinn 10. febrúar 2012.

5.1.3 AUGLÝSING

Skipulagstillagan var auglýst þann 5. mars 2014 með athugasemdarfresti til 13. apríl 2014. Tvær athugasemdir bárust. Einnig bárust umsagnir frá Skipulagsstofnun dags. 27. mars 2014 og Minjastofnun Íslands dags. 14. apríl 2014.

5.1.4 AFGREIÐSLA

Skipulagstillagan var afgreidd á fundi skipulagsnefndar 30. apríl 2014. Athugasemdir gáfu tilefni til minni háttar breytingar á tillögunni.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar á skipulagsgögnum eftir auglýsingu:

- Breytingar voru gerðar á fjölbýlishúsum við Geirþróðarhaga 4, 6 og 8 og húsin lækkuð úr þremur hæðum í tvær hæðir. Við það fækkar íbúðum um 12 og verður nýtingarhlutfall skipulagssvæðisins 28,6 fb/ha.
- Tekið var tillit til breytingartillagna nafnanefndar um götunöfn og viðeigandi lagfæringar gerðar á skipulagsgögnum.

6 SAMÞYKKT OG GILDISTAKA


Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. mars til 13. apríl 2014. Tvær athugasemdir bárust og voru gerðar minni háttar breytingar á skipulagstillöggunni.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulagsnefnd þann 14. maí 2014
og í bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann 20.5.'14



Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Hagahverfi - delliðskipulag Naustahverfi 3. áfangi



mm. 1:10,000

Skiðingar
— Síðulagsgreinir (lengd 5 m. með meðan)
Lóðarvegur
Isaþæði
EPRF
VaSR
Lóð þarf svínumálfarfermi

Breyggingarlarur, Hell Inn. Brandari Þygþingardins
B Eiðiðskjó
R Rethnudæmum
F Flygtunarhlut
B Breygymala
V Versun og þjófusta
S Versum um óvinnunum heildar
P Vinnunum heildar, spennsóð
B Biskaudi 0-10°
Hathall 1-2-3°
Innþáttur 1-2-3°
Háðabíldi í kláruni

E.V.L. Hjáðan, vinn- og þjófusta
L.S.L. Náms- og óvinnunum
F.L.M. Þekktarhlut
Málk Íslenskis til heimræta, Brýllug einri þjófusta
Kodur um blæðingar að 100 skráðarhluta

Kornelli

Gunnarsteig: Ákraði, blæðingar, þrungnileiki
Lok- og vélkærsluvegur
Órin sveði

Síði fyrir meðhördun eldvarða
Kerig og geymskarmála, myndg og sunnungsþjónustu

Síði fyrir þróunarþjónustu (þjónustu) eða höjdómarar.
SVA Blæðid almenningarsvæðis

Síður minnusáður

Undirðipar svíði gengið

Hús, sem hafið er að fáðar

Læðumek sem hafi úr gliði

Gangspor og vinnungsþjónustuður dags- 30.4.2014
eða náið des ðeðskapalíns

Delliðskipulag þatti sett um upplýst hefur verið skv. 41, gr. síðulagsgrein
nr. nr. 12320 10. Maí 2014
var samþykkt að regnförðum þjónustu
og í þessum tilgangi
þánn _____

bæjarstjóri

Cambium ehf. með sambærilegum
síðum

Náms- og óvinnunum

Naustahverfi 3. áfangi

Delliðskipulagsgrein

001



TEKNIKOSA

AUSTRALIA & NEW ZEALAND

ASIA PACIFIC

X-41400/2020

Y-7400/2020

Z-41400/2020

mm. 1:10,000

Hagahverfi - deiliskipulag, Naustahverfi 3. áfangi

Skýringaruppdráttur

Skýringar

- Skipulagsmörk
- Húsgerð og hæðafjöldi:
 - I Elmbýlisnúr og ráðnús á einni hæð
 - II Elmbýlisnúr og ráðnús á tvær hæðum
 - III Fjölbýlisnúr á tvær hæðum
 - IV Fjölbýlisnúr á þremur hæðum
 - V Fjölbýlisnúr á fjórum hæðum
 - VI Fjölbýlisnúr á síð hæðum
 - VII Bilageymslur
 - VIII Verslun / þjónustu



TEKNIKOSTOA ARKITEKTA GÖTTI GUÐJÓUNESÐAN OG TEFLAÐUR ÆR HINNINNINN	Hagahverfi - deliskipulag Naustahverfi 3. áfangi Skýringauppdráttur	VKK 06-731 BLAD 002
HANNOD AD KVARNA 12000/L42	DOKS 30.4.2014	BREVTT BREVTT



8 VIÐAUKI

8.1 GATNANÖFN

Að tillögu nafnanefndar Akureyrarbæjar er lagt til að götur verði kenndar við þekkta einstaklinga úr sögu bæjarins til þess að halda á lofti nöfnum heiðursborgara, skálda og annarra sem sett hafa svip á bæinn. Nefndin leggur til að miðað verði við eftirfarandi skilyrði við val á milli þeirra einstaklinga sem gert hafa garðinn frægan á Akureyri:

1. Sagan – nafnið sé þekkt úr sögu Akureyrar
2. Verðleikar – viðkomandi einstaklingi ber heiður vegna starfa fyrir bæjarsamfélagið
3. Frægð – viðkomandi hefur með frægð sinni og verkum auglýst nafn bæjarins
4. Aldur – viðkomandi einstaklingur má ekki vera í tölu lifenda

Tillaga nafnanefndar, samþykkt í skipulagsnefnd 30. apríl 2014:

Davíðshagi	Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, skáld og heiðursborgari.
Elísabetarhagi	Elísabet Geirmundsdóttir, listakonan í Fjörunni.
Geirþrúðarhagi	Geiþrúður Thyrrestrup sem átti sér merka sögu á Akureyri.
Gudmannshagi	Gudmannsfeðgar er lengi ráku verslun á Akureyri, sá yngri, Friðrik, gaf bænum spítalann Gudmanns Minde.
Halldóruhagi	Halldóra Bjarnadóttur, skólastjóri Barnaskóla Akureyrar.
Jóninnuhagi	Jóninna Sigurðardóttir kennari og höfundur matreiðslubóka m.m.
Kristjánshagi	Kristján Einarsson skáld frá Djúpalæk.
Margrétarhagi	Margarete Schiöth stofnandi Lystigarðsins
Matthíasarhagi	Matthías Jochumsson, skáld, prestur og heiðursborgari.
Nonnahagi	Jón Sveinsson – Nonni – rithöfundur
Steindórshagi	Steindór Steindórsson frá Hlöðum, náttúrufræðingur, skólameistari og heiðursborgari.
Wilhelmínugata	Wilhelmina Lever kaupkona m.m., fyrst kvenna á Íslandi til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum

